

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XL. árgangur.

1959

Mánudaginn 12. janúar 1959.

Nr. 189/1958. Magnús G. Vilmundarson

gegn

Ólafi H. Ingimarssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 28. nóvember 1958, sem barst Hæstarétti 17. desember sl., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar málskostnaðarákvæði dóms, er upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 22. nóvember sl. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða kr. 5.000,00 í málskostnað í héraði. Hins vegar krefst hann eigi kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja. Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Eftir málavöxtum er rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 5.000,00 í málskostnað í héraði.

Dómsorð:

Varnaraðili, Ólafur H. Ingimarsson, greiði sóknaraðilja, Magnúsi G. Vilmundarsyni, kr. 5.000,00 í málskostnað í héraði að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. nóvember 1958.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur Magnús Guðbjörn Vilmundarson, Gránufélagsgötu 57, Akureyri, höfðað að fengnu gjafsóknarleyfi fyrir bæjarþinginu með stefnu, út gefinni 14. f. m., á hendur Ólafi Herði Ingimarssyni, Skipasundi 86, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 52.407,52, ásamt 6% ársvöxtum frá 4. febrúar 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda hefur þing ekki verið sótt í máli þessu, og er honum þó löglega stefnt. Ber því samkvæmt ákvæðum 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum.

Stefnandi lýsir tildrögum máls þessa á þá leið, að aðfaranótt 2. ágúst 1957 hafi hann setið á stigahandriði við Hótel Goðafoss á Akureyri. Hafi stefndi þá komið þar að og algerlega að tilefnislausu ráðizt á stefnanda og kastað honum fram af handriðinu. Féll stefnandi niður í húsasund og kom niður á bakið. Við fallið, sem var um 2,50 m, meiddist stefnandi töluvert, lá um skeið á sjúkrahúsi og var lengi frá vinnu.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 6. janúar 1958, var stefndi dæmdur í 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir framangreindan verknað og jafnframt gert að greiða allan kostnað sakarinnar.

Stefnandi sundurliðar skaðabótakröfu sína þannig:

- | | |
|--|---------------|
| 1) Atvinnutjón frá 2. ágúst 1957 til 4. febr. 1958 | kr. 32.307,52 |
| 2) Bætur fyrir þjáningar, óþægindi o. fl. | — 20.000,00 |
| 3) Læknisvottorð | — 100,00 |

Samtals kr. 52.407.52

Um 1.

Strax eftir að stefnandi hafði orðið fyrir fyrrnefndri árás, var hann fluttur í sjúkrahús, þar sem hann var til 4. ágúst 1957. Eftir heimkomuna fékk hann á ný verk í bakið, og við nánari athugun kom í ljós brot á bol 1. lendarliðar. Var þá stefnandi fluttur á nýjan leik í sjúkrahús og settur í gibsumbúðir. Var stefnandi í sjúkrahúsinu til 3. nóvember 1957, en gekk í umbúðum nokkru lengur og hóf ekki vinnu á ný fyrr en 4. febrúar 1958.

Þegar stefnandi varð fyrir árásinni, var hann háseti á togar-

anum Sléttbak, og hefur hann unnið sín fyrri störf, eftir að hann náði bata.

Samkvæmt vottorði Útgerðarfélags Akureyringa h/f nam hásetahlutur á togaranum Sléttbak á tímabilinu frá 2. ágúst 1957 til 4. febrúar 1958 kr. 32.307,52. Verður því stefnufjárhæðin undir þessum lið tekin til greina.

Um 2.

Eins og áður var rakið, var stefnandi fluttur í sjúkrahús, strax eftir að hann hafði orðið fyrir árásinni. Samkvæmt vottorði Guðmundar Karls Péturssonar yfirlæknis leið stefnanda vel morguninn eftir, en gaf til kynna eymsli í hryggnum. Hinn 4. ágúst var stefnandi síðan sendur heim, enda taldi hann sig þá jafngóðan. Hins vegar hafi stefnandi strax eftir heimkomuna fundið til verkja í baki, sem hafi versnað við allar hreyfingar og áreynslu. Hafi stefnandi því verið tekinn til skoðunar á ný, og er röntgenmyndum, sem þá voru teknar, svo lýst af röntgenlækni:

„Á sérmyndum af L. I.-svæði hryggjarins sést nú greinilega, að corpus (liðbolur) L. I. er lítið eitt fleygmyndaður, og er efri brún hans barin niður á við, svo að stallur sést á framhliðinni og striklaga condensation (þétting) sést þétt yfir liðinn 1 sm neðan efri flatarins. Á framanfrámyndinni er enga missmið að sjá.

R.d.: Fractura corporis L. I. (brot á liðbol 1. lendaliðar)“.

Samkvæmt vottorði yfirlæknisins var stefnandi þá tekinn aftur í sjúkrahúsið og settur í gibsumbúðir. Dvaldist hann í sjúkrahúsinu til 3. nóvember 1957 eða um það bil 2½ mánuð, en gekk í umbúðum nokkru lengur. Hafi stefnandi, eins og algengt er, haft talsverð óþægindi af umbúðunum fyrst í stað, en vanizt þeim síðan og liðið vel og ekki kvartað um verki frá hinum brotna lið.

Þá segir yfirlæknirinn, að fyrst eftir að stefnandi hafi hafið vinnu að nýju, hafi hann haft eymsli og verki í baki, en við skoðun 3. marz 1958 hafi hryggurinn verið réttur, hreyfingar eðlilegar og engin bein eða óbein eymsli. Telur yfirlæknirinn stefnanda vera orðinn jafngóðan af meiðslum þeim, er hann hlaut 2. ágúst 1957.

Með hliðsjón af meiðslum stefnanda og sjúkrasögu hans þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 15.000,00.

Um 3.

Stefnandi hefur engin skjöl lagt fram, er sýni, að hann hafi greitt þessa upphæð. Verður krafan undir þessum lið ekki tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.650,00.

Jón G. Tómasson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur H. Ingimarsson, greiði stefnanda, Magnúsi G. Vilmundarsyni, kr. 47.307,52 með 6% ársvöxtum frá 4. febrúar 1958 til greiðsludags og kr. 3.650,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. janúar 1959.

Nr. 190/1958. Þorvaldur Steinason

gegn

Finnboga Guðmundssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 17. desember 1958, sem barst Hæstarétti 19. s. m., hefur sóknaraðili kært málskostnaðarákvæði dóms, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Akraness 10. s. m. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði svo og kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar á hinu kærða málskostnaðarákvæði og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936 ber að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja málskostnað í héraði, er ákveðst kr. 500,00. Þá ber og að dæma sóknaraðilja kr. 400,00 í kærumálskostnað úr hendi varnaraðilja.